

Óskar Steinn Jónínuson Ómarsson  
Kirkjuvegi 11B  
220 Hafnarfjörður

Reykjavík, 15. júlí 2020  
Tilvísun ÞÍ: 2020060620/3.2.5

**Efni:** Undirskriftasöfnun vegna ákvörðunar bæjarráðs Hafnarfjarðar um undirbúning á sölu hlutabréfa bæjarins í HS Veitum hf.

Þjóðskrá Íslands hefur mótttekið og yfirfarið undirskriftir þeirra einstaklinga sem safnað var á grundvelli heimildar 108. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 til þess að óska almennrar atkvæðagreiðslu í Hafnarfirði skv. 107. gr. sömu laga. Söfnun undirskrifa fór fram samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 155/2013 um undirskriftasafnanir vegna almennra atkvæðagreiðslna samkvæmt sveitarstjórnarlögum. Ábyrgðaraðili undirskriftasöfnunarinnar er Óskar Steinn Jónínuson Ómarsson.

Á kjörskrá skv. 1. gr. reglugerðar nr. 155/2013 voru 20.865 einstaklingar. Niðurstaða talningar er svohljóðandi:

- Fjöldi þeirra kjósenda sem skráðu nafn sitt á lista Íbúakosning um sölu á hlut Hafnfirðinga í HS Veitum er 1593 eða 7,6 %.
- 3 ógildar rafrænar undirskriftir.
- 2 ógildar undirskriftir á pappír.

Í samræmi við ákvæði 6. gr. reglugerðarinnar, eru ábyrgðaraðilum undirskriftasöfnunarinnar hér með afhentar meðfylgjandi niðurstöður hennar sem og undirskriftalistarnir sjálfir á pdf- formi, undirritað með rafrænum hætti.

Vakin er athygli á því að í pósthólfi einstaklinga á mínum síðum á Ísland.is er að finna tilkynningar um gildar undirskriftir.

F.h. Þjóðskrár Íslands

---

Bryndís Vala Ásmundsdóttir  
*sérfræðingur*